



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2005


Málefni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum. 48. mál.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 4. f. m., þar sem beðið er um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002.

Frumvarpinu er ætlað að bæta réttarstöðu útlendinga er búa hérlendis m.a. með því að rýmka heimildir til áframhaldandi dvalar hér í tilvikum, sem geta leitt til missis tímabundins eða skilyrts dvalarleyfis samkvæmt gildandi lögum.

Verði frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi, má ætla að staða þeirra einstaklinga sem málið varðar batni. Þau sjónarmið sem frumvarpið byggir á njóta stuðnings kirkjunnar almennt. Aðrir hagsmunir og fleiri sjónarmið kunna þó að vera til staðar, sem líta þarf til og meta í þessu sambandi.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs